

# HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, 1905.

NR. 11-12.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## Milli Jesmáls og ljóða.

### S NÆKOLLUR.

Ofur líf til utankyrkjufélags fyrirlestur —

Vor kristni<sup>1</sup> á þann útbeitar að  
í íslenzkum heidningjasögum,  
að syrt hvern sasuaðarsað  
er sjálfeldis ganga<sup>2</sup> í þeim högum. — —  
Á Snækollí<sup>3</sup> er snöp syrt sölnuð,  
sé saeggjan hans vel níðar jöfnud.

Ef Snækollur vondslega vann  
og varð mest við afturhald riðinn:  
Á síus tíma svona var hann  
í sunnudagsskólanum sniðinn!  
sem orkar á ungleing, að heita  
því auðsveipni<sup>4</sup>, er fullvitar neita.

Svo studdu<sup>5</sup> Þann til misendis manns  
þær minjar frá tröllskapar dögum;  
það átti við eðlisfar hans  
hverc öfga<sup>6</sup> í þeim bibliusögum — —  
og sauðæmt við hefndina höfum  
við helvitis djúp undir gröfum.

Hans fyrirmund forneskjan var,  
hans fósturjörð óruddar merkur;  
sinn barnstrúnað þaullærði þar,  
í þróngsýnis rökleysu sterkur;  
og í mynd þér af honum gerðu,  
ef Ástvald og Stórvjóhann sérðu.

Alt kverið sitt kunni hann enn,  
þess kenningar féllu' ekki' í gleymsku;  
sem sannleikans mótsþyrnumenn  
sneið meinloku' úr feðranna heimsku.  
Menn Sankti Páls sjónhverfing trúua,  
þó Sigurð þeir gruni' um að ljúga.

Þó umsveitum vegnaði vel,  
sem viðtóku mannasið hærrí,  
sem snarbandinn snigill í skel  
varð Snækollur blindari' og ærrí.  
Hann lifði' eins og líthersku vitin,  
sem lesa' aldrei „vantrúar"-ritin.

Með oftrú á úreltum síð  
í estibát samtíðar manna  
hann Snækollur varð ekki við  
það var, að við fræknari granna  
hann stóð nú í hnjasí og höggvin,  
í hjátrúar aflóga plöggum.

En nágrenni viðsjálast vald  
það var, sem hans átrúnað fylgdi,  
sú kredda, að hann ætti hald  
og heimting á öllu', er hann vildi  
hjá múgnum, ef með hann gat farið  
og málstað sinn inn í hann barið.

Úr skógum með skammi og raus  
hann skauzt inn á lands höfuðbólin,  
í hvívetna hógværðarlaus;  
en hávaðamester um jólin.  
Pá þutu hans þverskallakvarnir  
sem þrumandi bíblúvarnir.

Og mjúklátt var orðbragð hans ei...  
og annað eins trúi' eg menn þykki...  
Því hann nefndi heimamena grey  
og hrotta og Færeýjagikki;  
svo æfur í ofstopa hita,  
sem „Aldamót“ væri 'ann að rita.

Og Gretti til risja það rann,  
að röskir menn hikuðu' að neita;  
að nauðungar hlýðnin, við hann  
var hófanna í minkun að leita...  
Þó eina, sem enn kemst í jöfnuð,  
er innritan fólks inn i söfnuð.

En Grettis var skaðslægur skór,  
hann skildinum stakk upp í rauminn,  
svo sneypuför Snaekollur fór  
að sneglast við meaningarstrauminn.  
Til sams var þó lýðþörf að leiða' 'ann,  
þó leitt væri' að neyðast að meiða' 'ann.

#### TAUGAGIGT.

Rauð er að gjalda rokudags  
rosans kalda, ef stillan dvínar,  
og hjá valdi veðurlags  
vita' í haldi taugar sínar.

En þínum svein þá hugvill hézt  
heimor einu: meiðslum, bótum;  
yndi' og mein þín eru fest  
inn að beini' og hjartarótum.

### ÚR BRÉFI.

Gull og gæði  
gleðja skáld, og fagna kvæði.  
Þó það vildi' um vænni laun  
velja meiga' i kvæðaraon--:  
Framhlaupið i fylking hverri  
fyrsta stökk að ryðja knerri,  
hvar sem ofrat eldi' og brandi  
ódygðin á sjó og landi.  
Vopnfært vera,  
ljóðið sitt úr býtum bera!

### Vegna hvers erum vér Unitarar?

Það er ekki óvanalegt að heyra menn spyrja, hvað það sé, að vera Unitari, hvað það sé, að vera í unitariskum söfnuði, að hylla Unitaratrú. Það var áður fyrrum mikil gaman hent að því á meðal hinna enskumælandi manna, að Unitarismus væri eitthvað það, sem enginn vissi hvað væri. Nefnilega að Unitarar ætti sér engin trúarjátningar rit, og þess vegna væri skoðanir þeirra eitthvað svo mikilli móðu vaðar, að það væri helzt ekki á nokkurs manns fær, að segja hverjar þær væri. Pannig var það í bænum, þar sem aðal prestaskóli trúardeildar vorrar er, gjört að gamanyrði, sem átti að heita mjög fyndið og það jafn-

vel til skams tíma, að spyrja: „Hvað er Unitarismus?“— „Eg veit það ekki.“— „Hver getur sagt mér það?“— Alls einn maður, en hann vill engum segja það.“

Þeir hinir sömu athuga það ekki, hversu auðvelt það er að hlæja með heiniskunni, en hversu þúsundfalt erviðara það er, að svara þegar að þeim er komið. Og það er strax að þeim komið, sem álíta, að þeir viti þó, hver sín trú sé, er bindi sig við og byggi á vissum trúarjátningum, þar sem hinir viti alls ekki, er engar játningar eigi. Það yrði áreiðanlega ekki nema einn maður, sem vissi, hvað það væri, að vera þrenningartrúar, og það er vafasamt, hvert hann vildi þá segja það. Það yrði áreiðanlega ekki nema einn maður, sem vissi, hvað það væri, að vera Kalvinisti, eins og nú stendur, og alveg áreiðanlegt, að hann vildi ekki segja það, því það yrði vandratað meðalhófið fyrir honum, svo að hann yrði ekki dæmdur annaðhvort of mikilli á eftir tíma eða þá villutrúarmaður. Því það er ekkert lítið um þessháttar dóma og kyrkjulegt réttarsar nú, þar sem hin gamla orþodox kyrkja nötrar til grunna, þegar minst er á kennningar hennar, af ótta yfir því, að þær sé ekki svo stílaðar að þær falli fólk i smekk. Sá, sem ætlaði að segja, hvað Kalvinska væri, mætti hvorki neita forlögum né játa frívilja, né samþykkja að hvortveggja væri til og væri hlið við hlið. Hann mætti ekki játa afdráttarlausa útskúfun (það orð er farið að láta hálf illa í eyrum) né heldur almenna útvalningu,—ekki neita að maðurinn sé illur frá því hann fædist né að hann sé góður, né að hann sé hvorugt. Hann mætti ekki neita, að guð hefði fyrirhugað menn til sælu eða vansælu frá upphafi, og þó ekki samþykkja, að það færi nokkuð eftir því, hvort menn lifði vel eða illa. Nei, eg er hræddur um, að það væri ekki nema einn maður, sem sagt gæti hvað væri Kalvinska, og hann myndi hreint ekki vilja segja það, svo það væri ekki haft eftir.

Og það er áreiðanlega ekki nema einn, sem sagt gæti, hvað væri Lúterska, og sá eini myndi hreint ekki vilja segja það.— Ekki útskúfun, og helvíti ekki meir en svo,— bíblíán óskeikul, en þó full af mótsögnum, innblásin, en þó óviss hvað höfunda snertir, guð algóður, en þó ofsækjandi menn og heimtandi blóð-

hefndir á sínum elskulegasta syni. Að eins réttlæting af trú, en þó full réttlæting og frelsun fyrir verk Jesú af Nazareth, „endurlausnarverk“, eins og það var kallað. Og svo er með gamla Lúterdóminn, sem er í mótsögn við þann nýja, að biðja guð í Jesú nafni eða ofsækja alla þekkingu í guðs nafni, eins og bent hefir verið á. Nei, það yrði ekki nema einn, sem sagt gæti, hvað Lútherska væri ný, og hann myndi ekki vilja segja það. Öll játningaritin gömlu gjöra trúna, sem menn prédika og trúna sem meun trúua, ekki eina ögn greinilegri eða ákveðnari, heldur en þótt þau engin væri, því að eftir þeim lagar enginn trú sína lengur,— enginn!

En svo eru sumir, sem fallið hafa í þá heimisku— og það nokkrir þeirra, sem teljast vor megin í skoðunum, að taka undir með þessum fávísu spotturum og álita og segja jafnvel, að Unitaratrúin sé engin sérstök skoðun— vegna þess að þeir hafi enga trúarjáningu. Þeim stendur það svo í huga, og— eins og eg held eg hafi oft áður sagt— eru það á eftir andlega, í þeim skilningi orþodoxir enn, að þeim finnst að fornir setningar og hugsjónamyndir, ef eg mætti viðhafa það orð, sé alveg bráðnauðsynlegar öllum trúarskoðunum. En það er materialismus. Það er trúin, sem breytir guði í mann og aðskilur hann þessum heimi. Það er barnssálin óþroskaða, sem þarf áþreifanlega hluti og ekki meiri en svo, að augað geti náð út fyrir þá, til þess skilningurinn geti gripið þá og myndað sér skoðun.

Unitarismus er ákveðin skoðun,— ekki eingöngu neitun á annara manna trú, heldur lífsskoðun mannkynsins beztu og göfugustu dætra og sona, er gjörir sér gréin fyrir heiminum og tilgangi hans, þessu lífi og þessu misjafna, sem hér mætir, fyrir guði og tilverunni, öllu því, sem ljós skynseminnar og smyndunarafslins og tilfinninganna getur uppljómað. Eg segi, heimsins beztu og göfugustu sona og dætra, en kæru vinir, látið það ekki hneyksla nokkurt yðar. Eg á ekki við oss, sem hér sitjum, vér erum engin vor þau beztu eða göfugustu. Lofð mér að eins að tilnefna örfaa, er eg kalla hina beztu og göfugustu mannanna barna. Nefni eg þá fyrst Jesúm frá Nazareth, einn þann ellegasta, háleitasta og göfugasta mann, er heimurinn hefir átt,

og nefni eg þá Friðrik keisara annan frá Sikiley, þann sjölfröðasta, sannmentaðasta þjóðhöfðingja, er allar miðaldirnar augum litu, og nefni eg þá Bruno, Spinoza, Kepler, Galileo og Kant, þá frægustu frædimenn og skólameistara allrar Norðurálfunnar. Socini, Channing og Priestley,— þeirra nöfn þekkja allir,— þá manndómsfylstu og kærleiksíkustu menn, er vorar seinni aldir hafa séð. Darwin hinn ógleymanlega, og nútðarskáldin Ibsen, Björuson og Matth. Jochumson. Og með leyfi vil eg svo nefna nokkra hina svo nefndu heiðingja, er kendu Unitaratrú, áður en það nafn varð til. Plato, Sókrates, Markús Árelíus,— þeir menn gnæfa eins og himinhá fjöll yfir allar aldirnar, svo að í skugga þeirra virðist alt annað smátt og einskis vert, er síðan hefir skeð ofan að síðustu tímum.

Unitarismus er ákveðin skoðun, trúarsannfæring heimsins göfugustu og beztu manna. Hún hefir uppbtgt milljónir sálna, frelsað þær og upplyft þeim, svo þær hafa komist úr margra alda ánað og getað hleypt bergmáli gleðisöngva á stað, er gengið hefir í bylgjum margsinnis yfir þenna hnött. „Velpóknun yfir mönnum.“ „Guðs eilífi fríður og blessan“, „á vængjum fríðarboðans sungið inn í sálum þeirra, er bundnir bíða, á ný góð tilindi og gleðibodskap.“ Og það hefir fylgt henni máttur og veldi, er ekkert hefir getað móttstaðið, eins og öllu því, er hefir það hvortveggja sér til ágætis, að vera bæði hjartans innsta sannfæring og sannleikur. Hún hefir bygt þekkingu og námi gríðastaði innan hleypidóma og fávisku, bygt þúsundir kyrkna, mörg þúsundsinnum veglegri en nú sjáum vér, og hún á eftir að byggja þúsundir fleiri enn veglegri, en auga hefir séð. Hún á eftir að tengja lönd við lönd og hönd í hönd hinna fjarlægustu þjóða.

Hún er trú skáldsins og vísindamannsins, í ljósi hennar skoðar hann þenna heim og allan þann undra her ótal heima, og auga hans mætir altaf nýr og nýr sannleikur, nýr og nýr sáttmáli mannheims við hinn eilífa heim, nýr og nýr vegur og eining í guði. Og í skjóli hennar syngur skáldið sín frjálsstu ljóð, sinn fegursta óð, er flytur á burtu sorgir og söknuð, kvíða og ó-blessun hins banþreytta og lífsleiða mannkyns. Þaðan hefir

harpan hinn þýða vöggusöng þess unga og hinn djúpa viknandi grafaróð þess aldna og burtsoínaða. Jafnt gleði sem sorgarleik lífsins geymir hún í sér, en hún blandar hvortteggja lífsþránni, sættinni við dauðann, þýðingu þessa lífs, svo að vér lifum þótt vér deyjum, og viljum lisa þó vér deyjum.

Vegna þessa síðasta hefir skoðun þessi heillað oss, og vér erum gengnir henni á hönd, og guð varðveiti oss frá því, nokkurr sinni að ganga henni á bak.

En svo eru aðrar ástæður fyrir því, að vér erum Unitarar, ástæður, sem vit vort og samvizka heimta, og ekki eingöngu þær, sem tala til vors tilfinninga manns. Þessi trú fullnægir kröfum vorum sem nútíðarmanna fram yfir alla aðra skoðun.

Það er ekki vegna þess, að Unitarismus er trú skáldsins og vísindamannsins, að hún er cinnig vor trú. Vér erum hvorugt. En það er kannske vegna þess, að hún felur í sér það, sem vér þiggjum að gjöf frá lærimeisturum heimsins, að hún verður oss eðlilegri en alt annað. Hún er samróma rödd og útþýðandi á það, sem er sannast og bezt í heiminum.

Vér erum þá Unitarar fyrst vegna þess, að vér lifum á 20. öld. Vér trúum á beztu verk þessarar aldar og treystum sannleika þeirra. Og nútíðarsíðmenningin krefst trúarskoðana og kenninga, er samhljóða sé nútíðarlífi manna.

Vér lifum á þessari öld, sem þýðir, að vér höfum nú færst áfram um 20 aldir frá dögum Krists, nærri 40 aldir frá dögum Mósesar og enn lengra á burtu frá því, sem þaðan af er eldra. Og það eru nútíðar spurningar lífsins, sem mæta oss, en ekki þær, sem heimurinn hefir löngu ráðið. Fjarlægð vor við fortíðina er altaf að verða meiri og meiri, bönd þau, sem tengja oss við voru saintið, sterkari og sterkari. Og þessvegna hlýtur trú vor að hverfa frá því eldra og færast yfir til þess nýja.

Vér lifum á 20. öldinni og trúum á verk 20. aldarinnar og treystuin að þau sé sönn. Það setur oss í annað samband við þenna heim, breytir lífi voru að stórum mun, skapar aðrar kringumstæður, aðra afstöðu en verið hefir, og það breytir trúarskoðun vorri viðvíkjandi heiminum. Í stað fornra sagna verðum vér nú að leita upplýsinga hjá þeim, sem lagt hafa fyrir sig, að

þekkja þessa veröld, og í öllu voru daglega lífi höfum vér öll, háir og lágir, fródir og fáfróðir, tekið til sögn þeirra og lært við fætur þeirra meistara. Vér trúum þeim verkum, sem þegar er búið að gjöra, vér vitum að þau eru sönn, og vér verðum að finna þeim stað og finna þeimi orsök innan vorra trúarbragða. En sú þörf breytir og skoðun vorri um upphaf og tilgang þessa heims, um sköpun, um mannlegt líf hér á jörð, um guð,— frá því sem áður var.

Það hefir oft verið sagt, að heimurinn sé minni en hann var. Stjörnufræðislega er hann að eins sem eitt sandkorn í flæðarmálínu borinn saman við allan þann ægissand sólna og sólkerfa, er velta áfram viðstöðulaust í hinum ómælilega himingeimi. Á mannlega vísu er hann og mikil smærri. Málþræðir fljetta saman fjarlægar álsfur, stálbrautir liggja of lönd öll. Hvert sem maðurinn vill fara, er hann kominn þaugad á svipstundu við það sem áður var. Og jafnvel fjarlægðin sjálf er orðin sem nálægð. Menn geta talast við og heyrí hver annars rödd í hundr. mílna fjarlægð. Alt þetta eru virkilegir atburðir, sem vér þreifum á dagsdaglega. Það útheimtir enga hetju nú, að fara land úr landi. Hann þarf ekki að kvíða ljónsöskrinu eða óttast villidýr merkurinnar, eins og hið forna sálmaskáld. Fætur hans vanmegnast ekki né verður hanu óstyrkur í knjámi, er hann hugsar til hættunnar á veginum. Petta fyrra er alt horfið. Nú má og segja, að hver bygðarblettur þessarar jarðar sé mönnum kunnur, og hin forna Eden úr heimi horfinn, hvergi hér á jörð framar til. Allar þessar rannsóknir, öll þessi verk eru sönn. Pau eru margreynd. Og þau hafa verið útskýrð fyrir oss, svo vér höfum fengið skilning á þeim að nokkuu leyti. En allar þær útskýringar hafa orðið eyðileggjandi fyrir hið eldra. Öll dularfræðin horfin, rómantíkin, sem þessi heimur var vafinn í á sínum bernskudögum, horfin, og með því horfin hin forna byrjunarundirstaða undir hinni fornu trú. Og hver verður svo afleiðingin önnur en sú, að vér verðum að laga trúarskoðanir vorar þar eftir. Vér verðum að finna þessum sannleika þar stað, ella er lífsskoðun vor engin og trú vor dauð.

Hugsum oss hvaða þýðingu það hefir, að trúua framþróun

jardarinnar, að hún hafi verið að myndast í milliónir ára, og áður en hún gæti orðið til sem jörð, hefði sólin orðið að hafa verið til, í stað þess að jörðin væri sköpuð á einum degi og sólin ekki sýr en hinn annan dag þar á eftir, og þá að eins til þess að lýsa jörðunni. Sköpunarsagan fellur alveg um og með henni sagan um heilagleik mannsins. Eða þá það, að ságan um Eden er tóm hugsasmíð. Sá staður hvergi til. Að hér á jörð sé engin Eden og engir Kerúbar með glóandi sverð. Með þeirri sögu tapast alt, sem þar átti að hafa skeð,— fall konunnar, fæðing syndarinnar, er síðan gekk í erfðir til allra mannanna barna og loks þurfti að verða tvisvar til að eyðileggja mannkynið á jörðunni, fyrst í flóðinu mikla og svo í persónu Krists á krossinum. Það tapast ekki eingöngu mikil úr forna kenningakerfinu við það, að báðar þessar sögur sé settar til síðu, heldur aðalhornsteinn allrar ortodoxu kenningarinnar um syndafall, um útskífum, um endurlausn og þá líka um þrenningu sem hina nauðsynlegu afleiðingu endurlausnarkenningarinnar.

En þrátt fyrir þetta tapast ekki hugmyndin um guð. En guð að eins hlýtur að vera öðruvísi og hafa hagað öðruvísi til en þar segir. Og þá erum vér komin að undirstöðuatriði Unitara. Vér getum ekki annað, vér megum til, ef vér erum þessarar aldarrunnar með augun opin fyrir þeim sannleika, sem öllum er opinber.

Vér trúum enn á guð og sannleik þann, sem hann innifelur í þessum heimi, sem er að verða oss smásaman kunnari og skiljanlegri, og þess dýrðlegri sem hann verður oss skiljanlegri. En vér höfnum því, að hann hafi á nokkrum tíma opinberað oss alla sína leyndardóma í eitt skifti fyrir öll, og að þeir finnist allir innan spjalta nokkurrar bókar. Eg segi, að sannleikurinn, sem vér smálærum að þekkja með því að skoða þenna heim, verður oss altaf dýrðlegri, eftir því sem vér lærum meira. Það hefir stundum verið sagt, að allur sá vísdómur væri kaldur og snerti hvergi mannshjartað hjá því sem hin lifandi orð heilagrarritningar. En, kæru vinir, það hefir aldrei nokkurn tíma nokkur dýrðlingur eða helgur maður lesið með meiri lotningu og tilfinningu einn einasta staf þeirrar bókar en stjórnuspekingurinn

rannsakar dægrum saman án þess að festa blund hinn alstirndá og viðáttumikla næturhiminn guðs, eða þá efnasfræðingurinn og hinit ýmsu þjónar sannleikans leita frumesna þessarar jarðar eða leyfa hins útkulnaða jarðlifs inni í hellum og hömrum, þar sem dagsbirtan fær ekki brotist inn um eilífan aldur. Þeir menn finna stærri fögnum í hjarta en nokkur tunga hefir enn komið orðum að. Mér er alveg sama, bendið á allan þann hetskara píslarvotta trúarinnar sem sönnur þess, hversu nálægt hjarta manna hin forna skodun hefir farið, píslarvottar sannleikans verða þó altaf fleiri, auk þess þúsundfalt hâtignarlegri og göfugtri ásýndum, því í augum þeirra talar lisandi sál.

Ignatius helgi, Hieronymus, Klement og Anthanasius hafa ekki með meiri lotningu og aðdáun sökt sér niður í gleymisku hinna ytri lífskjara yfir lögmálinu og spámnönnunum en Galileo og Kant og Darwin yfir lögmálinu og spádómum þeim, sem þeir lásu út úr djúpi þeirrar guðlegu speki, sem falin er í tilverunnar ríki. Það er guðlast að reyna að koma því inn hjá nokkum, að skynsemin og vitið sé vililjós og allar rannsóknir eyðileggjandi syrit allar æðri hvatir og tilfinningar manna. Það gjöra þeir að eins, sem vita málstað sinn veikan og ósannan og tapandi í framísóknarbaráttunni. Það gjörir enginn nú neima á móti betri vitund.

En káru vinir, eg hefi kannske orðið helzt til sjölorður um þetta. En það gjörir það meðfram, að þessar ákærur hafa svo oft heyrst, og þeim hefir aldrei verið nógsamlega mótmælt og verður aldrei of mjög mótmælt, hversu oft og einlæglega sem það yrði gjört.

En vér verðum nú að láta hér staðar numið að sinni, og ádur en vér hættum, fórum á ný yfir það í fáum orðum, er vér höfum þegar sagt og ihugað. Fyrst: hin unitariska trú vor er ákveðin stefna og lífsskoðun, og styðst í engu við það, að vera mótmæli gegn trúarjátningum eða öðrum úreltum kyrkjusíðum. Hún mótmælir að vísu, en það er ekki hennar ákveðna form, og hún mótmælir að eins til þess, að geta ístrekað og ját-að enn skýrar og betur þann sannleika, sem menn finna til, sjá og munu sjá, þekkja og munu þekkja. Um leið og hún rifur

niður, gjörir hún það að eins til þess, að geta bygt upp aftur og bygt enn fegurra og betur og traustara en áður. Það er því skakt skilið, að sá sé Unitari, er vill ekkert nema tómt niðurbrot, eða sá, sem er ekki ákveðinn í neinu nema að mótmæla. Það hvort um sig er hvorki lífsskoðun eða trú.

Og vér erum Unitarar í fyrrsta lagi af því, að vér lífum og erum þessarar aldar menn. Vér höfum krafist þess, að verða arftakendur þeirrar reynslu, sem mannlegt líf hér á jörðunni hefir eftirsíkilið fram til þessarar stundar, og vér höfum umskap- að skoðanir vorar á heiminum, á mannlegu lífi og tilgangi þess, á guði og hans eilifu tilveru, eftir því sem reynsla vor, samvizka vor, þekking vor og tilfinningar ná, eftir því sem allar þær aldir, sem yfir þenna heim hafa liðið alt til þessa dags, hafa sagt oss, hafa sagt oss með sögu þeirri, er þær hafa skapað, með gröfum þeim, er þær hafa orpið, með tilveru þess, sem nú er. Og það er ekki eingöngu af því, að vér höfum kosið að eignast þær skoðanir, heldur miklu meir vegna þess, að vér gátum ekki annað, ef vér vildum með einlægni, alvöru og lotningu gjöra oss grein bæði fyrir þeim ráðgátum, sem nú bera oss fyrir sjónir, og eins því, sem þegar hefir fengist úrlausn á.



## Arnarrhreiðrið.

Saga eftir

*Björnstjerne Björnson.*

Indriðaskálar hét dálítill afskekt sveit, lukt háum fjöllum. Hún var flót í botninn og grösug, en klofin að endilöngu af fljóti einu breiðu, er féll ofan úr fjöllunum. Þetta vatnsfall rann út í vatn eitt, er lá að fæti sveitarinnar og opnaði útsýn í fjarska.

Handan yfir Indriðavatn hafði maður sá róið, er fyrstur nam dalinn; hann hét Indriði, og það voru arfar hans, sem áttu þar heima. Sumir sögðu, að hann hefði flúið þangað fyrir víga-

ferli, og þess vegna væri allir aðskomendur hans svo þungsinna og fálátir, aðrir kendu þetta fjöllunum, er útilokuðu sólskinid úr dalnum úr því klukkan var 5 um hásumarið.

Uppi yfir bygðinni var arnarhreiður. Það hvíldi á klettsnös lengst uppi í fjallinu. Allir gátu séð, þegar assan lagðist á, en enginn gat komist þangað. Arinn flögðaði um alla sveitina, hér og hvar hremdi hann lamb eða þá kiðling, í eitt skifti tók hann smábarn og flaug burt með það. Það var því ótrygt í sveitinni eins lengi og ernirnir áttu varp uppi á Kolldrang. Það var sögn manna, að fyrrum hefði tveir bræður komist upp á dranginn og og steypt hreiðrinu. En nú var enginn sá flugamaður, að það mætti leika.

Hvar sem tveir hittust í sveitinni, töluðu þeir ætis um arnarhreiðrið og varð litið upp þangað. Menn vissu jafnan, hvenær ernirnir voru komnir á ný á vorin, hvar þeir hefði stungið sér niður og drepið, og hver hafði síðast reynt að komast þangað upp. Þeir yngri æfðu sig, frá því þeir voru börn, við að klifra upp kletta og eikur, í glímum og átokum, til þess að geta komist einhvern tíma alla leið upp og rifið hreiðrið eins og bræðurnir forðum.

Í þá tíð, er saga þessi gjörðist, hét frækasti pilturinn í Indriðaskálum Leifur, og var ættaður utansveitar. Hann var hrokkinhærður, smáeygur, leikfimur vel og yndi allra kvenna. Snemina hafði hann það á orði, að hann skyldi einhvern tíma komast upp að arnarhreiðrinu. Æn eldra fólkini fanst, að honmundi sæmra að geypa minna um það í heyranda hljóði.

En þetta æsti hann upp, og fyr en hann hafði náð fullum þroska, réðst hann í að fara. Það var á heiðum sunnudagsmorgni snemma sumars, og ungarnir gátu naumast verið meira en nýskriðnir úr skurninu. Fólkid hafði tínst saman í stóra þyrpingu neðan við fjallið til að horfa á. Hinir eldri löttu hann fararinnar, en hinir yngri hvöttu. En hann fór að eins sínu fram, beið því þangað til assan flaug af, stökk þá í háa loft, og náði handfesti í tré einu margar álnir frá jörðu. Það óx þar í sprungu, og upp estir sprungunni tók hann að klifra. Smásteinar losnuðu undan fótum hans, mold og sandur félru í skriðu, að

öðru leyti var alt hljótt. Að baka til rann áin með þungum og sífeldum nið. En brátt óx brattinn og hamarinn slútti fram. Hann hékk lengi á annari hendinni, leitaði fyrir sér með fætinum eftir fótfesti, en niður fyrir sig gat hann ekki séð. Margir, en sérstaklega konurnar, litu undan og sögðu, að hann mundi ekki hafa leikið þetta, ef hann hefði átt foreldra á lífi. Hann náði samt fótfesti, þreifaði svo fyrir sér aftur, ýmist með hendinni eða fætinum, hann misti fótanna, hrapaði til, en náði sér svo aftur haldi. Þeir, sem voru fyrir neðan, heyrðu hvern annan draga andann. Alt í einu spratt ung stúlka upp, er sat alein á steini. Það lék orð á því, að hún hefði lofast honum þegar á unga aldri, jafnvel þótt hann væri ekki innborinn þar. Hún fórnaði höndunum upp mótt fjallinu og hrópaði:

„Leifur, Leifur, því ert þú að þessu?“ Öllu fólkinu varð litid til hennar, faðir hennar stóð þar nálegt og leit reiðuglega til hennar, en hún tók ekkert eftir því. „Ó, komdu ofan aftur, Leifur,“ hrópaði hún, „mér, mér þykir svo vænt um þig, en þarna uppi er til einkis að vinna.“

Menn sáu að það kom hik á hann, en það var að eins um augnablik, en svo hélt hann áfram lengra upp. Hann var bæði handsterkur og fótviss, þessvegna gekk lengi alt vel, en svo fór hann að þreytast, því hann stanzaði oft. Svo kom lítill steinn veltandi niður eins og illur fyrirboði, og allir, sem þarna stóðu, gátu ekki annað en fylgt honum með augunum alveg niður.— Nokkrir gátu ekki afborið þetta lengur, en fóru. Stúlkan stóð enn alein uppi á steininum, veifaði höndunum og mændi upp. Leifur náði sér nú í með annari hendinni, en misti takið, hún sá það glögt, hann reyndi að ná sér í með hinni, en misti hennar líka. „Leifur!“ hrópaði hún, svo það kvað við í fjöllunum, alt fólkid tók undir með henni. „Hann er að hrapa!“ sagði það og fálinaði með höndunum út á móti honum, bæði karlar og konur. Hann hrapaði líka, flutti með sér sand, aur og möl, hrapaði, sifelt með meiri og meiri hraða. Fólk snéri sér undan, og þar næst heyrði það dynki og skruðninga í fjallinu að baki sér, og svo eins og eitthvað þungt hefði fallið niður, líkast stórum votum moldarhnaus.

Pegar það nú astur leit við, lá hann þar sundurbrotinn og óþekkjanlegur. Stúlkan hafði fallið út af steininum, og fádir hennar bar hana burt.

Æskulýðurinn, sem mest hafði eggjað Leif til bjarggöngunnar, þorði nú ekki einu sinni að hreifa við honum eða veita honum nokkra hjálp, sumir treystust ekki einu sinni til að líta á hann. Hinir eldri urðu því að veita honum nábjargirnar. En um leið og þeir gjörðu það, sagði sá elzti í hópnum: „Þetta var heimskulegt,— en,“ bætti hann við og horfði upp á brúnina, „það er þó gott, að eitthvað er svo hátt upp hafið, að almenningu nær ekki til þess.“

## GAMLIR MOLAR

### LEO PÁFI XIII.

ÁHRIF VESTURHEIMS Á PÁFAVALDIÐ.

Eftir E. Melchior de Vogilé í "The Forum" (Kringsjá IX. b. 1897)

Jón Jónasson frá Sledbrjót þýddi.

Það hafa þegar verið skrifadaðar margar merkilegar bækur um áhrif „Nýja heimsins“ á gamla heiminn, og því glögglega lýst, hvernig gamli heimurinn hafi orðið fyrir áhrifum af hinum nýja heimi og согиð í sig þaðan nýtt líf og fjör. O. H. Overland hefir bent oss á þau áhrif, sem bréfin að vestan, frá vinum og vandamönnum, hafi á þúsundir heimila, þau áhrif eru auðsælega ein sterkasta lyftistöngin í voru nýja þjóðlifi,— bæði til góðs og ills. Hið sama má segja um öll Norðurálfulöndin. Enda bókmentir og listir eru að byrja að verða fyrir áhrifum að vestan. Whitman og Poe' hafa sýnileg áhrif á franskar bókmentir, og þar af leiðandi á allar bókmentir Norðurálfunnar. Sama er um vísindin. T. d. í stjörnufræði eru Vesturheims-menn fremstir í flokki. Í heimspeki hafa Bandaríkjamenn lagt til drjúgan skerf og gjöra það eflaust meira og betur er stundir líða. Í guðfræði hugsandi manna hafa þeir einnig

framleitt ritverk, sem þýdd eru á flestöll tungumál Norðurlanda og sem hafa einkum unnið hylli allra göfugra mentamanna. Hinn alkunni franski senator, Edouard Laboulaye, sem nú er láttinn, og var viðurkendur fremsti maður í þjóðarétti, lét þá skoðun í ljósi, að í ritum Bandaríkjamannsins, Dr. Channings, væri sú guðfræðisstefna, sá andi og sú framsetning, sem von væri um, að yngt gæti upp og bætt hugsunarhátt frönsku þjóðarinnar. Og nú kemur hinn alþekti franski rithöfundur, sem ritað hefir eftirfylgjandi grein, og sýnir með ljósum rökum, að áhrif Vesturheimsmanna hafi einnig hrifit á kaþólsku kyrkjuna og páfavaldið, seni nú sé á leiðinni til að stjórnast af hugsunarhætti Vesturheimsmanna.

*Formáli ritstj. Kringsjár.*



„Leo XIII. er eflaust sá af Nørðurálfumönnum, sem mest er hrifinn af hugsun og stefnu Vesturheimsmanna. Það var frá Ameríku að hann varð fyrir þeim áhrifum, sem beindu honum leið á þá stjórnarstefnu, sem seinstu árin hefir verið undrun alls heimsins, og haft það markmið, að blása nýju lífi í kaþólsku kyrkjudegi og endurreisa veldi hennar í heiminum. Þaðan kom sá eldgneisti, sem bálaði upp í brjósti þessa stjórnsnillings.— Þaðan frá lærði hann að skilja samtíðina og kröfur hennar,— af samtali og umgengni við menn að vestan,— ameríkska páfatrúarmann, sem höfdu fengið nýja mentun þar vestra, er breytt hafði hinni gömlu páfatrúarstefnu þar. Leo skoðar Vesturheim sem framtíðarinnar land, og því sé það lífsnauðsyn fyrir kaþólsku kyrkjuna að festa þar rætur og semja sig að síðum þeirrar þjóðar, sem beri framtíðina á herðum sér. Þetta er aðal-áhugamál hans. Hann hefir óbifandi trú á, að kaþólska kyrkjan umskapist að ytra formi í Vesturheimi, og vaxi við það afl og andlegt atgervi, til þess að verða það, sem hún áður var, stór og voldug —heimili göfugs sálar aðals.

Kaþólsk kyrkja í Vesturheimi, sem stjórnad er í anda Vesturheimsmanna, það er takmarkið, sem öldungurinn stefnir að, það er í hans augum björgunarvegurinn og sigurvonin fyrir kyrkjuna og guðsríki.

Áður en Leo varð páfi bar lítið á honum. Hann dró sig í hlé, og engan grunaði, að í honum byggi það afl, er gjörþreytti hinni kyrkjulegu stefnu, né að hann væri sá stjórnvitringur, sem hefði konunga og stjórnmálamenn í hendi sér, eins og síðar varð raun á. Nú er það lýðum ljóst, að hann hefir reist að nýju páfadæmið og veldi þess. Páfinn er nú það, sem hann hefir ei verið um langan tíma, voldugur maður enda í þessum heimi. Hann er kominn langt útyfir takmörk sinnar eigin kyrkju, og konungar og stjórnmálamenn og alþýða manna líta upp fyrir sig til snillingsins og dáist að göfgi hans og snildarbrögðum.

Hann var frá byrjun bóknámsfús, guðhræddur, dálitið helgimannslegur, hæglátur munkur. Hann hafði sterka löngun til að leysa úr heimspekkspursmálum, og þessháttar hæglátum vísindaiðkunum. Sem gáfaður Ítali varð hann snemma kardínáli, 33 ára gamall var hann sendur í smáu stjórnmálaerindi fyrir páfann til Brüsselles. Það var alt það samblendi, sem hann hafði við hin stóru heimsveldi áður en hann varð páfi. Rétt ár eftir varð hann biskup í hinu smáa Perugia. Þar lifði hann afskektu lífi í 32 ár, og iðkaði vísindi og guðrækilegt líf, bæði í háttum og hugsun. Hér las hann meðal annars rit Thomasar Aquinas, þar sem gjörð er tilraun að rita um mannfélagsskipun og lífsstefnu heimspekkilega, sem bygð sé á grundvelli miðalda-kristindómsins,— þar þóttist hann finna svar gegn nálega öllum spurningum.

Árið 1878 varð hann páfi. Höf. þessarar ritgerðar (De Vogilé) var þar nærstaddur, er Leo var krýndur. Krýningin fór fram með öllum formum liðna tímans. Í kapellunni sem vígslan fór fram í voru snildarverk Michael Angelos, og þau sýndust með meira lífsmarki en gömlu „prélátarnir“, sem tóku þátt í vígslunni líkast dauðum vinnuvélum. Hér var ei lýðurinn, sem gleður sig í voninni um nýjan stjórnaranda, að eins nokkrir „prélátar“, stjórnmálamenn og hæsti aðall kaþólskunnar, og nokkrir fréttaritarar, sem rituðu um þetta eins og hvern annan sjónleik. Áhrifin af vígslunni líktust minningarhátið um dáið stórveldi, eða steingjörfingsleifum horfinna alda. Alt líf og kraftur var horfið.

Páfaveldið var fallið svo djúpt sem það komst. Það var alment mál, að algjör dauði þess væri fyrir dyrum. Það var hlegið að skrauti þess og kröfum. Páfinn var nærri hlægileg persóna.

Enginn gjörði sér háar vonir um hinn nýja páfa, þeir álitu, að þessi gamli guðhræddi maður mundi halda hinum helga lampa með veikri hönd og láta loga hægt og rólega, þangað til hinn eftirþráði dagur kæmi, þegar hið jarðneska lífsljós sloknaði og lokið væri hinu þreytandi erviði og hann flytti til sælli landa hinumegin. Leo var þá sjötugur að aldri.

Það var almenn skoðun þá, að ekki væri hægt að endurreisa páfavaldið, nema vinna kyrkjuríkið aftur undir stjórn páfans. Það eitt veitti honum vald og tign. Og fyrstu árin heyrðist nær ekkert til Leo. Hann kynti sér ástandið, hugsaði og yfirvegaði. En smám saman varð ítalska stjórnin þess vör, að hún átti meinhygginn, þrautseigan móttöðumann í Vatíkaninu. Hann varaðist að gjöra nokkur mistök, sýndi aldrei móttöðumönnum sínum viðkvæman stað á sér, gaf þeim aldrei höggfæri. En hann sá sig aldrei úr færi að nota öll þeirra mistök. Auðsjáanlega stefndi hann að því, að rétta við aftur kyrkjuríkið. En hann vann að því með meira affi og öðrum meðöllum en formenn hans. Ítalska stjórnin sá það brátt, að tilraunir páfans til að efla sitt veraldlega vald, náðu yfir allan heiminn. Það skifti litlum tíma þangað til hinn vitri og varfærni maður í Vatíkaninu hafði áunnið það, að stjórnendur heimsins tóku eftir orðum hans, sáu að enda í veraldlegum málum var hér maður, sem varð að taka með í reikninginn.

Allir höfðu búist við að drekka erfiðl páfaveldisins. Nú reis það upp með nýju lífi. Smám saman fór páfinn að hlutast til um alt, og beitti þar bæði hyggindum og varfærni. Hann var ekki lengur hinn ömurlegi einkisvirti kyrkjufaðir á Ítalíu. Að reisa við aftur hið veraldlega kyrkjuríki, það var eins og aukatriði, fyrir rás viðburðanna, í tilraunum hans til að endurreisa hið veraldlega alheimsvald páfans. Hann kynti sér allar ástæður heimsríkjanna. Hann vildi ná því valdi, að vera alstaðar hinn „heilagi faðir“. Hann fór að ráða heilræði konungum og

stjórnmálamönnum. Hann kom ætisð fram sem samvirkusamur, skarpskygn og sanngjarn maður. Persónuleg áhrif hans fóru sivaxandi, og sæti Péturs færðist á loft með honum. Hann var viðurkendur voldugur höfðingi, hygginn stjórnálamaður, sem bæri í brjósti sér háar og göfugar hugsjónir, hafinu yfir alla for-dóma.

Pá var vegur Bismarks sem mestur. Berlin var miðdepill hins pólitískra heims, því þar bjó Bismark. Og Bismark þurfti á hjálp páfans að halda til að yfirbuga móttöðumenn sína, himn kaþólska flokk í ríkisþinginu. Maðurinn í Vatíkaninu, sem hafði augun alstaðar, slepti hér ekki færi. Gæti hann unnið Bismark, gat Bismark verið sú hræða, sem halda mundi itölsku stjórninni hæfilega langt frá páfastólnum, og kennt henni viðeigandi að-anýkt. Og Bismark komst á vald páfans. Kaþólski kyrkjufaðirinn fór í allri vinsemd að semja við hinn volduga kanzlara, sem var Lúterstrúarmaður. Og samningurinn endaði með hinni alkunnu göngu Bismarks til Canossa. Þarna var nú páfadæmið með einu bragði hafið til fornra valda, orðið eitt af stórveldum heimsins, án þess að ráða yfir nokkru kyrkjuríski. Maðurinn, sem hafði Bismark á valdi sínu og sem samdi við öll stórveldi heimsins, án þess að hafa eina þúfu af landi til umráða,— honum veitti nú allur heimurinn athygli.

Á þessum tíma (segir höf. þessarar greinar) heimsótti eg astur páfann í Róm. Það var 1887. Hér var stór breyting á orðin. Aldurhnigni veiklegi oldungurinn, sem eg hafði séð fyrir níu árum síðan, var nú eins og miðpunktur nýs heimsveldis, sem var að myndast.

Mynd hans sýndist alveg fylla upp hina heilógu borg, þar sem konungur Ítala hefir þrengt sér inn.

Það voru ekki að eins guðhræddir pílagrímar, sem nú heimsóttu Vatíkanið, þangað komu nú konungar og stjórnálamenn, sendiherrar, rithöfundar og ritstjórar heimsblaðanna, þar mátti sjá nafnkunna menn úr öllum heimsálfum, sem áttu sæti í öllum, og sumir í engum, kyrkjufélögum. Þeir komu allir til að sjá hinn volduga stjórnanda, þenna mikla mann. Leyniþræðir alheimsins áttu endastöð sína á skrifstofu páfans. Hann var

kosinn til að gjóra um deilumál lúterskra þjóða. Hann var nú orðinn hinn mikli stjórnmálamáður, og bráðum átti hann meira að verða.

Heppni hans hafði kennt honum eitt, að það var hægt að endurreisa hið veraldlega vald páfadæmisins, án þess að vinna aftur kyrkjuríkið. Hann sá nú að smáriki var að eins hlekkur um fætur hins kyrkjulega valds, og frá þeirri stund hætti hann alveg að berjast fyrir eignarrétti kyrkjunnar á tilteknu landsvæði, sem áður hafði verið aðaláhugamál kaþólskra manna. Þegar hann minnist á kyrkjuríkið opinberlega, gjörir hann það með svo hægum orðum, að helzt lítur út, að hann sé að geðjast hinum gömlu deyjandi kröftum í kaþólsku kyrkjunni. Hann hefir einbeittlega barist á móti því, að kaþólska kyrkjan beitti Ítalíustjórn brögðum í tillögum við erlend ríki. Og það er eitt sem efst hefir vald pásaveldisins.

Nútíminn einkennir sig frá liðna tímanum í því, að koma hugsjónunum í fast form. Kyrkjan sem síðferðislegt af er nú miklu aßlmeiri, enda frá veraldlegu sjónarmiði, heldur en su kyrkja, sem byggir á því, að ráða ríki. Ætli fáeinars ferhyrningsmíslur gætu aukið eða minkað veldi Leos XIII.? Mundi landstjórn nokkurra presta geta staðist á þessum tíma? Mundi fáeinars þúsundir hermannar í nokkru auka vald hins kaþólska kyrkjuhöfðingja? Leo XIII. sá það, að nýr tími heimtar nýja tilhögun.

Veturinn 1887 komu til Rómaborgar tveir kaþólskir menn frá Ameríku, Gibbons kardináli og Ireland erkibiskup. Þeir voru báðir mestu frainkvæmdarmenn, skarþvitir og höfðu fjölhæfa mentun. Þeir veru mjög mikils metnir í Ameríku, og áhrif þeirra náðu langt út yfir takmörk kyrkjunnar kaþólsku. Þeir komu til að tala máli verkamannafélags, sem nefndi sig „Varnarlið vinnulýðsins“. Biskuparnir höfðu bannað kaþólskum mönnum að vera í félagi þessu. En Gibbons og Ireland og ýmsir mikils metnir kyrkjumenn sáu, að þannig löguð pólitík átti eigi við í Ameríku. Þeir komu því til að skyra þetta mál fyrir páfanum. Þeir voru báðir hreinir og einlægir páfatrúar-menn. En þeir voru líka báðir Bandarískjamenn í húð og hár.

Það var ekki laust við, að þeir væri snortnir af sama anda og einn af helztu mönnum kaþólsku kyrkjunnar þar vestra, sem spáði því, að sá dagur mundi koma, er páfinn sæist ganga til skrifstofu sinnar eftir helzta stræti bæjarins í venjulegum gönguklæðum með hvítan floshatt á höfðinu, alveg eins og aðrir dauðlegir menn. Hið lifandi virkilega líf var þeim fyrir öllu. Það andaði frá þeim hreinn sléttublær, látlauast frjálslyndi og víðsýni. Þeir tölzuðu blátt áfram, eins og skyldan bauð þeim. Þeir lýstu hinum nýja heimi og þjóðveldi hans, er ekki væri að eins stofnun heldur einnig dýrmætasti helgidómur lýðsins, ofinn saman við trú hans og líf. Þeir sýndu páfanum fram á, að Vesturheimsmaðurinn vildi vera frjáls, og mundi hiklaust segja skilið við kaþólsku kyrkjuna, ef hún vildi leggja annarleg bönd á hann sem borgara og meðlim þjóðfélagsins,— hann þyldi eigi *barnföstruaga frá kyrkjunni*. Þeir sýndu fram á, að þessi frelsisþrá væri ekki af illum toga spunnin. Hún væri helgur kraftur, sem ætti að glæða og efla. Ef kyrkjan ætti að lifa og þrifast í Amerísku, þá yrði hún að byggjast á lýðveldishugsjónum og starfa í þeim anda. Hún yrði að vera frjáls og fylgja tímanum, vaxa og eflast og rýmka sinn sjóndeildarhring. Þeir kváðust eiga sammerkt við landa sína í því, að elskva frelsi og viðsýni, alveg eins og þeir elskuðu kyrkjú og kristindóm. Og þeir kváðu það mundu verða bitur sorg og vonbrigði fyrir milliónir manna, ef ekki yrði hægt að sameina þessar tvær stefnur í skjóli hinnar almennu heilögú kyrkjú.

Hinir gömlu kardinálar og páfatrúarvaldsmenn gjörðu krossmark fyrir sér og stóðu sem steini lostnir yfir þessari makalausu óhæfu. Að heyra jafnvel kardinála tala svona og það við hinn heilaga föður. Svona orð! — þeim fanst anda úr þeim sléttubefur og þaralykt. Að heyra þau tölzuð á þessum helga stað!

En Leo sat rólegur og hlýddi með athygli á orð þeirra og íhugaði þau nákvæmlega. Og honum varð ekki bylt við.

Petta var honum opinberun, eins og himinsend sýn.— Það var eins og skýla félli frá augum hans. Hann sá opnast nýjan heim með nýrri stefnu og nýrri kyrkjú, sem þó væri í eðli sínu gamla kyrkjan. Hér sá hann markaða braut fyrir sig þennan

litla tíma, sem hann ætti eftir að dvelja hér í heimi. Vesturheimsmenn höfðu rétt. *Kyrkjan má ekki láta tímann skilja sig eftir.* Verkanir heilags anda eru víðar en undir kyrkjuhvelfingunni. Þær lifa og starfa í djúpi lýðsins, í meðvitund lýðsins, sem alt af vex og hreinkast, í gróandi samviskufræsi. — Vei þeirri kyrkju, sem lokar gluggum sínum og sér ekki þetta starf heilags anda í tímanum. Og vei þeirri kyrkju, sem ekki tekur í faðm sér þessa nýju mynd, og faðmar hana með innileik endurfundanna. Sú kyrkja, sem vanrækir þetta, er dauð kyrkja.

Þeir höfðu rétt þarna vestra. Það er eitthvað nýtt á ferðinni. Það er að myndast nýr heimur, og kyrkjan verður að læra að skilja hann, til þess að geta á ný fengið vald yfir honum. Þetta er trúin—trúin sjálf, sem logar upp úr djúpi lýðsins og krefur síns réttar. Þetta sem nefnt er lýðveldi, það er ein af greinum kristindómsins.

Og átræði öldungurinn sá það, að ætti kyrkjunni að verða lífs auðið, yrði hún að endurskapast, breyta sínu fyrra formi. *Hún verður að skírast af anda og eldi nýja tímans.* Hún verður að komast í hendur lýðsins eins og ríkið. Kyrkjan á að vera sál lýðveldisins og blása sínum anda í það.—Tími einvaldshöfðingjanna er liðinn. Tími lýðsins er runninn upp. Vesturheims-mennirnir höfðu rétta skoðun. Það er lýðurinn, sem kyrkjan þarf að hylla. Einvaldsdrotnunin á ekki við tímann. Lýðurinn verður að læra að skilja og elskja kyrkjuna, gjöra hana að sinni kyrkju. Það er það sem Vesturheimismennirnir vildu, og það er á þann hátt, að kyrkjan á að yngjast upp og verða bygd upp á ný.

Og nú var stefna páfans ráðin. Hún var hrein, einföld og öllum skiljanleg. Gömlu ráðgjafarnir smá týndust úr Vatíkaninu einn af öðrum. Síðast var eigi eftir nema hans gamli dyggi þjónn og ástvinur, Rampollo kardináli.

Og átræði öldungurinn var eins og ungar í annað sinn. Æskunnar eldur og áhugi greip hann. Hann veit eigi hvað þreyta er. Allir afturhaldskraftar kyrkjunnar eru í móttöðuflokk hans. En hann yfirvinnur allar hindranir með hinum sterka einvalda vilja.

Nú snéri hann athygli sinni sérstaklega að hinum stóru þjóðveldum—Frakklandi og Ameríku. Hann gaf út skipun um, að kaþólska kyrkjan skyldi hætta að vinna á móti þjóðveldinu. Og skipaði svo fyrir, að viðurkenna hreint og heiðarlega lýðveldið sem það stjórnarform, er guð og þjóðin vildi vera láta.

Hann byrjaði nú að senda frá sér ritlinga um ýms mannfélagsmál o. fl. til ýmsra þjóða og ýmsra stéttu. Í öllum þeim ritum rennur nýr straumur. Lýðveldið er sezt í sæti St. Péturs. Hin eldri kynslóð franska kennilýðsins skilur enn ekki víðsýni páfans. Peit gleðja sig yfir því, að þetta frjálslyndi páfans hafi ekki getað komið á sátt milli hans og lýðveldisins né vantrúarflokkanna. En páfinn væntir ekki þessháttar skjótra breytinga. Hann sáir og ætlar komandi öldum uppskeruna.\* Hann veit að kyrkjan á að verða eign lýðsins, ef hún á að lifa, veit að lýðurinn þarf að læra að elska hana sem skjól og skjöld alls þess, sem honum er helgast. Á þessum grundvelli hvílir öll hans starfsemi. Hvað gjörir honum, hvað hinir og þessir stjórnmálamenn gjöra fyrir hans orð? Ef lærisveinar hans og starfsbræður ætla að láta hugfallast, og benda honum á, hvað lítill sé árangurinn, þá svarar öldungurinn: „Horfð þið lengra fram í tímann, vinit.“

Það þarf að gjöra sér ljóst, hvað jafnvoldug og gömul stofnun, eins og kaþólska kyrkjan er, muni vera þreytandi mótpartur. Það þarf að gjöra sér ljósá alla hennar þrautseigju kergju, hrekkjabrögð og smámunasemi. Sá, sem gjörir sér það ljóst, hann skilur bezt þann undra kraft, sem Leo hefir yfir að ráða, og hvernig hann hefir rutt öllum hindrunum úr vegin. Það eitt, að hann er áttræður öldungur, sem lifað hefir kyrlátu lífi með litlu samblendì við umheiminn, og hefir þó getað fylgt og skilið stefnu nýja tímans, það sýnir að hér er um snilling að ræða.— Að geta á þessum aldri byrjað nýja, einbeitta stefnu sem síðabótarmeistari og heimsstjórnandi,— það er nærrí líkast kraftaverki.

Og Vatíkanið er nú fremur en nokkru sinni áður orðið miðpunktur heimsins. Hér veitir páfinn áheyrn trúboðum, prest-

x) Sbr. aðskilnað ríkis og kyrkju nú á Frakklandi.

þyð.

um, byskupum og leikmönnum frá öllum heimsálfum. Stundum er þeim hleypt inn í herbergið með gulu silkitjöldunum, þar sem Leo situr í gyltum stóli með skrautjaldi yfir. Hann fer þá þegar að leita fréttu hjá komumanni. Það er ekki um kyrkjumál, að samræðan snýst. Hann sprýr komumann venjulega um lífs-skilyrðin og hag lýðsins, þar sem komumaður á heima. Sprýr um alt. Hvernig eru lifernishættir þar? Hjá alþýðunni? Hjá heldra fólkini? Hverir eru nú leiðandi menn ykkar? Hvernig menn eru það? Þekkið þér þá persónulega? o. s. frv. Hann vill læra að þekkja alt,— heyra því lýst af munni trúverðugra sjónarvotta. Hið skarpa augnaráð hans eins og rótar öllu um í brjóstum þeirrra. Þegar hann hefir fengið allar upplýsingar, og er búinn að gjöra sér ástæðurnar ljósar, þá ræður hann ýms ráð, og endar oft á þessum orðum: „Við verðum að vinna lýðinn, vinna hjarta lýðsins. Við verðum að komast í samband við alla góða menn, hvers kyns sem þeir eru, og hvað sem skoðunum þeirra líður. Látum eigi hugfallast. Við vinnum sigur á endanum, sigur yfir fordómum, ranglæti og villudómi.“

Gömlu kardinálarnir og aðrir páfatrúar höfðingjar hafa mátt horfa á það hneyksli og vanhelgun, að hinn heilagi faðir hefir leyft að leita fréttu hjá sér, og útskýrt stjórnarstefnu sína og fyrirætlanir fyrir fréttarituru heimsblaðanna.

Páfinn reynir á allar lundir að nálgast lýðinn. Hann vill ná tali af öllum verkamönnum, vantrúarmönnum; hann vill skilja alla og alt — skilja nútímann. Verkamanna sendinefndir fá jafn heiðarlegar viðtökur hjá honum, eins og kyrkjunnar menn.

Hver, sem við Leo ræðir, verður þess ljóslega var, að hér er sjaldgæfur maður við að fást,—fjölhæfur, hreinn og víðsýnn andi, með hlýjum hug, en óbeygjandi vilja. Hann mer undir fótum sér allar hindranir, og brosir á meðan góðlátlega. Hann lætur aldrei bugast, en fer hægt að öllu. Hann er einlæglega frjálslyndur, sannmentaður og sterkur trúmaður, en virðir þó annara trú. Hann er óvenjulega hlýlyndur, og er laus við alla beiskju til móttöðumanna sinna, og ástríkur og tryggur vinur vina sinna.

Hver, sem við hann rædir, gleymir aldrei þessari veikbygðu mynd í stólnum. Þegar ferðamaðurinn er búinn að ljúka til hálfs upp hurðinni, þá réttir Leo fram hendina og sýnist gjöra það af öllum líkams kröftum, og segir þá jafnaðarlega: „Vertu hugrakkur! Starfaðu! Komdu til míni aftur.“ Þetta er ekki sagt í sorgarróm, ekki með tilfinning fyrir því, að hann sé nú á þeim aldri, að varla þurfi að búast við endurfundum. Það má heyra að öldunginn langar ekki að deyja,— vill lifa meðan hann getur barist fyrir málefni sínu. Hann beitir viljakrafti sínum enda gegn dauðanum.

En dauðinn sigrar þó að lokum. Og hvað mun þá ske? Ætli afturhaldið nái þá völdum og eyðileggi starf Leos? — Það er naumast hætta á því (segir höf.). Leo hefir komið kyrkjunní í stöðuga stefnu, sem vart breytist. Hin kaþólska kyrkja mun endurfæbast og verða lýðveldiskyrkja. Það er árangur af verki Leos XIII. Hann er nýr Columbus, sem kveikti á lampa landleitans í skipi Péturs, og stýrði hiklaust í áttina til nýja heimsins, og þar fann hann það afl, er endurnýjaði kristindóminn, og gjörði hann á ný að þungamiðju hins andlega lífs þjóðanna.

**M**EÐ þessu blaði er þá lokið öðrum árgangi Heimis. Það hefir tekið nokkuð meira en ár að gefa út þessar 18 arkir eins og lofað var, en ástæðurnar fyrir drætti þeim á útkomu blaðsins síðastliðið sumar hafa þegar verið margskýrðar, og er því þarflaust að endurtaka það á ný. Þótt tekið hafi meira en ár að gefa út árganginn, þá kemur það ekki niður á kaupendum að neinu leyti, nemia hvað það reynir á langlundargeð þeirra að búa eftir útkomu hvers númer „frá því á dögum Nóa.“ Þriðji árgangur byrjar með næsta blaði, er kemur í næsta mánuði, og eru þeir skuldlausir nú, er borgað hafa til útgefenda \$ 1.50 fyrir það sem út er komið frá upphafi, en þeir, sem meira hafa borgað, eiga það upp í næsta árgang.— Vér þókkum öllum, er tryggð hafa haldit við Heimi á líðnu ári, þrátt fyrir erviðleika og óskil, og heitum að gjöra vort ítrasta til, að hann komi út reglulega framvegis. Enda eru skilyrði til efnda því loforði meiri en áður.

Alt það, sem út er komið, fæst nú innheft í 3 bókum á mjög sanngjörnu verði og verður auglýst síðar. (Útgáfufundin.)

# I Hróarskeldu dómkýrkju.

Eftir

*Matth. Jochumsson.\**

Gefið loft, gefið loft, gefið lífsandaloft,  
 því eg líf ei í rotnandi gróf!  
 ella hljóða eg hátt, það sem hvíslað er oft:  
 „Pessi heimur er storkunargjöf.“

Því að hvort eg er kvíksettur konungum hjá  
 eða kotungum, það er mér eitt;  
 því að nú sé eg jöfnuðinn jörðunni á,  
 þó hið jarðneska sýnist svo breytt.

Þú ert hugsjúk míín önd, þú ert heit, þú ert köld.  
 Upp með hurðir! í brott héðan, brott!  
 Hvað skal hégómans dýrð, þar sem Dauðinn er alt.  
 Það er dáð, það er grimmasta spott!

Á það líkloft að tákna hvers loftið skal virt  
 upp í liðanna Glysheima sal?  
 meðan alt þetta lífði, sem liggur nú stirt,  
 meðan lífsvillan sannleikann fal?

Guð hjálpi yður, konungar, hvað hér er dimt!  
 Eg hefi heyrt um svo margt— um svo margt—  
 þennan skerandi násöng um gjörræðið grimt,  
 eins og Guð hefði sagt: *Verði sturt!*

\* Detta gullfagra kviði skálðaöldungsins okkar nafnkunna höfum vér tekið eftir úrsgömlu blaði af Norðurlandi, er barst oss rétt nýlega. Vér gátum ekki stilt oss um að taka það, því bæði er það hér í fárra höndum, og svo sýnir það betur en nokkuð annað, hve hreinu lofti og hvíliku eldmagni andans þessi gamli snillingur er hlaðinn nú í alli sinni. Hróarskeldu-dómkýrkja er gömul, og sögulegur minnisvardi Dana. Þar eru skrinlagdir og jardadír konungar heirra frú fornri tíð, svo sem kunnugt er, og er því auðráðið, hvert andi kvaðisíns stefnir.

Ritstj.

-- Þetta skerandi gjálfur um „skilning og trú“,  
er öll skyndesemi í útlegð var send—  
þegar írjálsstu menn urðu fordæðu hjú,  
sett í fangelsi, sínd eða brend!

Og þú boghvelfing blá, þú sem helköld og há  
lítur hljóð yfir tímanna spil,  
meður lotning og þrá horfi eg *list* þína á,  
en þú lísgar ei hjarta míns yl.

Því að sjálf ertu jarðsett, og sjálf ertu dauð:  
Ó, þú sagnríska skjöldunga hof!  
Upp í ómælis tómleikann teygir þú snauð  
þína turna við skýjanна rof!

Nú er hálfss þumlunga smáblómið himninum nær  
báðum háturnum þínum við ský;  
nú er hjartaslag barnsins ei hæðunum fjær  
en þeir hásöngvar kór þínum í.

Hvorki Valdemar, Absalon, Pétur né Páll,  
hvorki prestar né levítafjöld,  
hvorki vegur né vald, enginn vizkunnar Njáll,  
getur vakið upp steindauða öld!

Þú munt fara sem Hleiðra, sem hvergi á sér hof,  
ekki hálstrá, og varla sinn grunn.  
Vel og gott — ef þú heyrir þitt lifandi lof  
gegnum lævirkjans síunga munni!

Ó, það dýrðlega duft hér í grófunum geymt.  
En þó grípur mig nístandi þrá;  
því hvað megna þeir stóru? Eg get ekki gleymt,  
hversu grátlegt er lífið að sjá!

Eins og blómstrin á vorin um gróanda grund,  
eins það glóir móti hækkandi sól;

eins og laufin á haustin um hélaðan lund  
er það hjaðnað, þá fýkur í skjól.

Og þess aldini? Guð minn, hve aumleg og smá,  
og sem ekkert hjá heims þessa neyð --  
eins og blálindar tár hjá þeim sóllausa sjá,  
er þau sogar í helstríð og deyð!

Hvað er stórt? hvað er smátt?-- Eins og hjarta mitt slær,  
eins og hittist á skap mitt og sál.  
En ei helming neinn Absalon afrekað fær,  
þess er ætlaði; hitt verður tál!—

Og „samt gengur jörðin“. Því ég hef þá trú,  
að það jafnist vort stormóða haf,  
og að sjón vor sé rétt og til sannleikans brú —  
þessi sjón, er oss eilísfðin gaf.—

En með Dauðann í brott! Eg vil lífa mitt líf,  
og sjá ljós, þó að ógni mér Hel;  
og eg hleyp út í lífið og heltjaldið ríſ,  
til að hylla þig, eilifa hvel! —

Sof þú rótt, sof þú rótt. Ó þú döglinga drótt!  
Ekki dæmi eg verk þín á storð.  
Góða nótt! Höfum hljótt; öll vor gjörningagnótt  
verður grafsteinn með hálfkveðið orð! —

Kom þú ljúfasta ljós! Kom þú roðnandi rós,  
kom og réttu mér töfranda munn.—  
Það er nóg: eg á frið, eg á alsherjar grið,  
hér við allíssins skínanda brunn!